

Félagsfundur að vori

Starfsárið 2026-2027

28. maí 2026

Fundi stýrir: Leifur Örn Gunnarsson

Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir

Fundur settur: 17:36.

1. Starfsfólk fundarins

Bjarndís Helga Tómasdóttir formaður Samtakanna '78 setur fundinn, og tilnefnir Leif Örn Gunnarsson í hlutverk fundarstjóra og Veru Illugadóttur í hlutverk ritara.

2. Lögmæti fundarins staðfest

Félagsfundur skal boðaður skriflega með að minnsta kosti viku fyrirvara, og var það gert á viðburðavef félagsins 13. maí ásamt því að fundurinn var auglýstur á samfélagsmiðlum félagsins sama dag. Á fundinum voru fleiri en fimmtán einstaklingar þegar hann var settur.

3. Staða fræðslu í nútíð og framtíð

Kári Garðarsson framkvæmdastjóri Samtakanna '78 fer yfir stöðu í fræðslumálum Samtakanna í nútíð sem og stefnu í fræðslumálum til framtíðar.

4. Saga fræðslu Samtakanna '78

Sveinn Kjartansson stjórnarmaður í Samtökunum segir í stuttu máli frá upphafi fræðsluerinda Samtakanna og kynnir pallborð um sögu fræðslumála. Í pallborðinu sitja Ragnhildur Sverrisdóttir, fyrsta konan í stjórn Samtakanna, Sara Dögg, fyrsti launaði fræðslufulltrúinn, og Andrea Rói, núverandi fræðari hjá Samtökunum.

5. Önnur mál

Bjarndís formaður þakkar fyrir góðar pallborðsumræður, þakkar fundargestum fyrir komuna og vekur athygli á veitingum sem eru í boði.

Fundi slitið: 18:32.